


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>Vélstjórn VST312</b> <b>Kennsluáætlun Vor 2011</b>	

<b>Kennari</b>	Gunnar Möller	<b>Sk.st.</b>	GMG
----------------	---------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga annast nemendur allan daglegan rekstur vélarrúms frá stjórnstöð, sinna bilanagreiningu og nýta sér upplýsingar frá framleiðendum og viðvörunarkerfinu til að tryggja öruggan rekstur vélarúmsins.

Í áfanganum er kennd öll undirstaða við notkun hermis, ræsing á öllum búnaði vélarrúmsins og rekstur þess með hjálp viðvörunarkerfa. Í lok áfangans eru teknar fyrir gangtruflanir og bilanagreining.

### Markmið:

Geta nýtt sér stjórnþæki hermisins til upplýsingaöflunar og stjórnunar á vélbúnaði.

Geta ræst einstök kerfi vélarúmsins og vélarúmið í heild, í eðlilegri röð og án þess að misbjóða tækjum.

Geta annast allan daglegan rekstur vélarúmsins.

Geta greint bilanir og slit á vélarhlutum og fært sönnur á hvaða áhrif bilanir og slit vélarhluta hafa á starfshæfni alls vélbúnaðarins.

Að nemendur kynnist viðhaldskerfum.


### Yfirferð

Kennslustundir eru 4 í viku, áætlaðar kennsluvikur eru 16. Nemendum er gefinn kostur á að koma og þjálf sig eins mikið og við verður komið utan kennslustunda. Heimaverkefnum verður stillt mjög í hóf.

Seinni lotan er hugsuð til að þjálfar nemendur í sjálfstæðri ákvarðanatöku, þar sem þeir starfa einir og óstuddir af kennara.

Að loknum þessum áfanga eiga nemendur að hafa öðlast skilning á samspili hinna ýmsu tækja sem mynda heildarkerfin í vélarúmum skipa.

Ætlast er til að nemendur átti sig á hvaða áhrif röskun í einum þætti kerfisins getur haft á starfsemi kerfisins í heild. Geti metið hvort um alvarlega bilun er að ræða eða eðlilegt slit á vélarhlutum. Geti greint aðalatriði frá því sem minna máli skiptir. Hvaða bráðabirgðaráðstafanir er hægt að gera til að afstýra keðjuverkandi bilunum og hvaða neyðaráðstafanir er hægt að gera til að bjarga skipi og áhöfn í hverju tilviki.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>Vélstjórn VST312</b> <b>Kennsluáætlun Vor 2011</b>	

Vika	Námsefni	Verkefni
1	Kynning á herminum og kerfum hans. Kennari ræsir fyrir nemendum	
2	Nemendum skipt í tvo hópa. Annar hópurinn er í skjáhermi uppi og hinn ræsir herminn niðri.	Verkefni 1
3	Hópum víxlað frá viku 2	Verkefni 1
4	Einn hópur uppi í verkefni 3, hinn niðri	Verkefni 2 og 3
5	Hópum víxlað frá viku 4	Verkefni 2 og 3
6 til 16	Skipt í tvo hópa sem skiptast á að ræsa hermi uppi og niðri og leita að bilunum	Verkefni 4
	Verkefni seinni lotunnar eru að ræsa herminn og leysa úr bilunum og öðrum vandræðum sem verða. Endurtekið eins oft og hægt er.	

*Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.*

#### **Námsgögn og námsmat:**

Tegund	<b>Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)</b>
Bækur	Verkefni í VST 312. Aðgengilegt á vef <a href="http://kennarar.vma.is/gmoller/">http://kennarar.vma.is/gmoller/</a>

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verkefni	4 Verkefni (4x10%)	40%
Lokaverkefni.	4 tíma vaktstöðupróf þar sem nemandi þarf að halda kerfinu gangandi í 4 tíma án aðstoðar. Bilanir og gangtruflanir verða reglulega.	50%
Frammistaða á önn	Mæting og ástundun	10%

#### **Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils